

Reglugerð um Íslandsgöngur

1. Keppnin heitir Íslandsgangan.
2. Keppnin er fólgin í þátttöku í allt að sjö sjálfstæðum almenningsgöngum á skíðum á sama vetri.
3. Verðlaun í Íslandsgöngunni skulu veitt fyrir þrjú efstu sæti í eftirtöldum flokkum hjá körlum og konum.

	2021/2022*	2022/2023	2023/2024
17-34 ára	1988-2005	1989-2006	1990-2007
35-49 ára	1973-1987	1974-1988	1975-1989
50-59 ára	1963-1972	1964-1973	1965-1974
60 ára og eldri	1962 og eldri	1963 og eldri	1964 og eldri

*Aldur miðast við almanaksárið 2022

Færsla á milli flokka er óheimil. Að auki hljóti allir þátttakendur viðurkenningu fyrir þátttökuna í hverri grein.

4. Stefnt skal að því að mótin fari sem víðast um landið. Sækja skal um mót í Íslandsgöngunni til skíðagöngunefndar SKÍ fyrir 1. september. Skíðagöngunefnd ákveður hvaða mót eru í Íslandsgöngunni ár hvert. Lágmarksvegalengd göngumóts í Íslandsgöngunni er 20 km. Þó gilda ekki reglur um hámarksvegalengdir í Íslandsgöngunni.
5. Skíðagöngunefnd SKÍ er framkvæmdaaðili Íslandsgöngunnar og veitir allar almennar upplýsingar um keppnina og auglýsir hana í byrjun vetrar. Framkvæmdaraðili hvers göngumóts skal tilnefna einn fulltrúa í samráðsnefnd Íslandsgöngunnar á hverju vori.
6. Framkvæmdaraðili hvers göngumóts fyrir sig auglýsir mótið og birtir sín úrslit í fjölmiðlum og tilkynnir þau skriflega til SKÍ og skíðagöngunefndar SKÍ innan viku frá því gangan fór fram.
7. Skautaskrefið er bannað í almenningsgöngum þeim, sem standa að Íslandsgöngunni. Þó má skauta við eftirfarandi aðstæður: Í kröppum beygjum, þegar skipt er um spor og brautarhelming.
8. Legu brautar í Íslandsgöngunni skal miða við að um almenningsgöngu er að ræða. Lágmarka skal hæðarmun eins og kostur er, tryggja skal að rými sé til að halda aftur af hraða á leið niður brekkur og radíus í beygjum sé það stór að ekki sé erfitt að standa í spori í gegnum beygjur.
9. Að öðru leyti gilda mótareglur SKÍ um mótahald og keppni.

Samþykkt á Skíðapingi 30.október 2021